

Mál nr. 369/2013
M og
og V v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um sönnun tjónsatburðar 25. janúar 2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. október 2013 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. nóvember 2013.
3. Yfirlýsing S ódags.
4. Bréf V dags. 16. desember 2013.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 29. janúar 2013 kemur fram að M lýsir því að hann hafi hlotið meiðsli á vinstra hné þegar bifreiðinni A hafi verið bakkað á hann þann 25. janúar 2013 þar sem hann stóð fyrir utan hana. Í læknisvottorði dags. 3. júní 2013 kemur fram að M hafi leitað til bæklunarskurðlæknis vegna umræddra meiðsla þann 29. janúar 2013, sama dag og hann tilkynnti V um málið. Eftir að málið kom til kasta úrskurðarnefndar var lögð fram yfirlýsing ökumanns bifreiðar A í greint sinn þar sem hún segist hafa verið að hleypa M og börnum þeirra út úr bifreiðinni við innkeyrslu að Lyngmóum 4 í Garðabæ og bakkað áleiðis út úr innkeyrslunni. Hún hafi orðið vör við að hún bakkaði á M þegar hann lét hana vita um það með því að banka í afturrúðu bifreiðarinnar.

M telur að gögn málsins sýni skýrlega að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið sé til notkunar bifreiðar A. M hafi leitað til læknis fljótlega eftir atburðinn sem og tilkynnt V um hann fljótt. M telur að sönnun sé komin fram um atburðinn og það hafi ekki áhrif að ökumaður bifreiðarinnar sé fyrrverandi sambýliskona M.

V telur að ekki sé komin fram tæk sönnun ætlaðs atburðar þann 25. janúar 2013. Eini sagði sjónarvotturinn sé sambýliskona M og hún teljist ekki hlutlaust vitni. V vísar einnig til þess að skv. skráningum hjá félaginu bendi allt til þess að þau séu enn í sambúð og hafi sambýliskonan því fjárhagslega hagsmuni að því að M fái greiddar bætur vegna málsins.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning sem dagsett er fjórum dögum eftir ætlaðan atburð sem og læknisvottorð sem staðfestir komu til læknis sama dag þar. Þar er atvikum lýst með sama hætti og í yfirlýsingu ökumanns bifreiðar A. Ekki hafa komið fram skýrar upplýsingar sem leiða til þess að draga megi yfirlýsingu ökumanns bifreiðar A í efa. Með hliðsjón af þessum gögnum og meginreglum íslensks réttar um sönnun sem og mati á slíkum reglum t.d. í Hrd. 228/2013 verða frásagnir M og ökumanns bifreiðar A lagðar til grundvallar og telst sannað að tjónsatburður hafi orðið með þeim hætti að bifreið A hafi verið ekið á M. Ekki felst þó í því afstaða til mögulegs umfangs líkamstjóns M vegna atburðarins.

Niðurstaða.

Líkamstjón M telst rakið til notkunar bifreiðar A.

Reykjavík 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.